

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Dag. n.	14. 20. 21	18. OKT. 2012
Stofn.	GSD	
Alit.	AMJ	AMJ / JPP
Stað.	JPP	TG / þun
Stað.		HG
Mátt.	12.10.140	



Akranesi, 17.10.2012

Bæjarráð Akraness
b.t. Árna Múla bæjarstjóra
Stíllholti 16-18
300 Akranes

Málefni: Norðurálmótið á Akranesi

Knattspyrnufélag ÍA mun halda knattspyrnumót fyrir 7.flokk drengja (Norðurálmótið) dagana 21.-23.júní, 2013 á Jaðarsbökkum, eins og mörg fyrri ár.

Norðurálmótið er eitt af „stóru fimm mótum sumarsins“, en hin fjögur eru haldin í Vestmannaeyjum, Akureyri, Kópavogi og Reykjavík. Rétt er að benda á það að KFÍA er eina félagið sem sér alfarið um skipulag og mönnun sjálfbóðaliða á þessum mótum, hin félögin sjá um mótshald en allt það sem snýr að gestum bæjarfélagana er í höndum bæjarfélagana sjálfra.

KFÍA hefur unnið að því í markvissum skrefum á undanförunum tveimur árum að fá bæjarfélagið og fyrirtæki í bænum til að nýta sér þá möguleika sem að Norðurálmótið býður uppá til að kynna bæinn okkar góða og hvað hann býður uppá. En gert er ráð fyrir um 7.000 manns komi á Akranes þessa helgi á ári hverju. Hvar náum við Akurnesingar í jafn mikin fjölda á einu bretti til að kynna bæinn okkar sem fjölskyldu- og íþróttabæ en einmitt á Norðurálmótinu?

Á mótið 2012 mættu 136 lið frá 26 félögum. Yfir höfuð er það þannig að færri komast að en vilja. Því miður getum við ekki tekið við öllum þeim sem vilja koma þar sem við erum komin að þolmörkum er snúa að sjálfböðavinnu, gístaðstöðu og vallarplássi. Það eru um 1200 drengir sem sækja okkur heim og eiga spennandi daga á Akranesi. Þessum skemmtilegu drengjum fylgja stórir hópar fararastjóra, þjálfara, foreldra, og annarra ættingja. Liðsstjórar og þjálfarar telja einir og sér rúmlega 200 manns. Síðastliðin sumur hafa fyllst öll tún umhverfis Byggðasafnið, Garðalund og grassvæði aftan við Víðigrund, af aðstandendum drengjanna í tjöldum, tjaldvögnum, fellihýsum og öðrum ferðavögnum.

Það kostar mikla vinnu samhents hóps í knattspyrnufélaginu að standa að svona stóru móti á sómasamlegan máta og er ekki hægt nema með stuðningi bæjarfélagsins. Tala sjálfböðaliða sem koma að mótinu má áætla vel yfir 1000 manns.

Sem eðlilegt er þá er ekki aðstaða á Akranesi til að taka við þessum fjölda gesta. Þess vegna þarf að skapa keppendum og aðstandendum ásættanlega aðstöðu. Því er sett upp snyrtiaðstaða, vaskar, kamrar, vatnshonar, ruslatunnur og ruslagámar fyrir allan þennan fjölda á keppnis- og gístisvæðinu. Vegna mikillar þátttöku, þá hafa keppendur gíst í Grundaskóla, Brekkubæjarskóla og Fjölbautarskólanum og er þakkað fyrir þann velvilja sem bæjar- og skólayfirvöld hafa sýnt í gegnum árin í því efni. Þar sem Brekkubæjarskóli og Fjölbautaskólinn eru staðsettir fjær íþróttasvæðinu en Grundaskóli er nauðsynlegt að hafa strætisvagn gangandi milli Brekkubæjarskóla og íþróttasvæðisins yfir mótsdagana, þar sem um unga drengi er að ræða.

KFÍA fór í að fjölga salernisgámum og ruslagámum til að hafa á tjaldsvæðum. Þessar endurbætur voru gerðar vegna kvartanna frá gestum. Akranesbær styrkti KFÍA um 2.7 milljónir króna til þess að mæta þessum kostnaði eftir að KFÍA óskaði eftir frekari hækkun á styrkjum.



KFÍA óskar eftir því við Bæjarráð að samkomulagið frá 2011 verði tekinn upp og samið að nýju til 3ja ára og framlög bæjarins til mótsins, sem notað er til að standa undir kostnaði vegna gesta bæjarins, verði áfram 2.7 milljónir á árinu 2013, 2.9 milljónir á árinu 2014 og 3.1 milljón á árinu 2015. Eins og áður sagði þá er mótið fullt og ekki frekari möguleikar fyrir hendi að stækka það enn frekar, því er harla ólíklegt að frekari hækkunir verði á kostnaði en félagið óskar eftir með bréfi þessu.

Sú umræða hefur komið upp að KFÍA hagnist alveg nóg á Norðurálmóttinu og eigi því ekki að fá greiðslu frá bænum til að halda Norðurálmótið. Þessu höfnum við algjörlega og bendum enn og aftur á það að á hinum stóru mótunum eru það bæjarfélögin sem sjá um það sem snýr að gestum bæjarins en íþróttafélögin sem sjá um mótahaldið. Heildartekjur, þ.e. mótsgjöld, styrkir fyrirtækja, framlag Akraneskaupstaðar, voru á árinu 2010 um 18 milljónir króna. Heildarkostnaður um 7 milljónir, þar sem yfir 6 milljónir fóru í greiðslu til fyrirtækja staðsett á Akranesi. Ávinningur mótsins tæpar 11 milljónir var allur notaður til greiðslu uppí þjálfunarkostnað vegna yngri flokka félagsins. Ávinningur bæjarfélagsins er einnig gríðarlegur, ef gert er ráð fyrir að 7.000 manns eyði um 2.000 krónum að jafnaði á dag þessa þrjá daga þá gera það 42 milljónir, samt er það varlega áætlað. Heildartekjur bæjarfélagsins má því áætla að séu vel yfir 60 milljónir á ári í tengslum við mótið.

Með fyrirfram þökk,

Ingi Fannar Eiríksson
Formaður stjórnar KFÍA

Agústa Friðriksdóttir,
Formaður Uppeldissviðs KFÍA

Knattspyrnufélag ÍA (KFÍA) og Akraneskaupstaður gera með sér eftirfarandi

SAMKOMULAG


Um aðkomu Akraneskaupstaðar að Norðurlandsdeildinni í knattspyrnu fyrir 7. flokk drengja á Akranesi:

1. KFÍA heldur þingskipti með fyrir 7 flokk drengja í knattspyrnu í fjórum mánuði ári hvert.
2. Gert er ráð fyrir þátttökendum á mótunum sem næmur 1100 - 1300 börnum.
3. KFÍA skiptulegur afnám mótun og annast fyrirkomulag og rekstur þeirra með stafráttárinnum sínum og sjálfboðalaikun.
4. KFÍA annast alla sarninga um kaup á nauðsynlegri þjónu og greiðslu alls kostnaðar vegna mótans og þess rekstrarkostnaðar sem mótshaldskjallur á.
5. KFÍA annast undirbúning og fyrirkomulag aðstöðu fyrir keppendur og aðstandendur þeirra, svo sem snyrtiástoðu, kanna, ruslagáma á keppnis- og gjafsvæðum og þ.h.
6. KFÍA skuldbindur sig til að ganga frá að afleiðnum mótum, svarsutum og hárserði þá sem félagslið fær til sínna undir mótum, með sómasamlegum hætti í samræmi við reglur viðkomandi stofnana og í samræmi við forstöðumenn þeirra. Verði samþingli líón á húsnæði eða húsnæði þinna stofnana sem KFÍA hefur til afnám á mótstímanum er KFÍA ábyrgt fyrir því líón og skal bæta viðkomandi stofnun líóni með viðkomandi hætti.
7. KFÍA mun kynna Akraneskaupstað a.m.k. mánuði fyrir hvert máti fyrirkomulag þess og umfang og koma bæðnum sínum á framfæri um afnám svæða og húsnæðis sbr. 8. og 9. lið.
8. Akraneskaupstaður heimildir KFÍA afnám af fjórum mánuðum kaupstaðarinnar svo og Grundeskóla, Brekkubæjarskóla án sérstaks endurgjalds.
9. Akraneskaupstaður heimildir afnám af öllum svæðum undir gislingu við Byggðasafnið að Góðum, milli Vöðgrunda og Leyniskerfna og við Skólagarðina.

Samningur þessi gildir fyrir árin 2010 - 2012 og gæðir Akraneskaupstaður eingreðslu til KFÍA að fjárhæð kr. 1.200.000,- á ári, og mun sú fjárhæð vera heildarframlag kaupstaðarinnar að undirtektum afnám af eignum kaupstaðarinnar sbr. 6 og 7 lið þess að framan.

Samkomulag þetta byggir á eirni KFÍA dags. 27. apríl 2010 og samþykkt bæjarráðs Akraness frá 8. maí 2010.

Akranes 11. júní 2010.


 Bæjarráðgjafi Akraness
 Með fyrirvara um samþykki
 bæjarráðs.

Fjárfélagi KFÍA